



Nefndarsvið Alþingis  
B.t. Ágústar Geirs Ágústssonar  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

ÓM/AA

Rvk. 25.11.2002

**Málefni: Tillaga til þingsályktunar um neysluvatn, 13. mál**

Samtökum atvinnulífsins hefur borist bréf yðar, dagsett 14. nóvember s.l., þar sem þér óskið umsagnar Samtakanna um eftirfarandi þingsályktunartillögu um neysluvatn.

*Alþingi samþykkir að beina því til ríkisstjórnarinnar að*

- a. neysluvatn verði skilgreint sem auðlind í lögum,*
- b. málefni þess verði vistuð á einum stað í stjórnsýslunni og*
- c. stuðlað verði að útflutningi á fersku neysluvatni í samstarfi við vatnsútflutningsfyrirtæki og sveitarfélög.*

*Gert er ráð fyrir að eftirlit með gæðum vatns verði áfram á vegum Hollustuverndar ríkisins (Umhverfisstofnunar frá 1. janúar 2003) og heilbrigðisnefnda sveitarfélaga.*

Samtök atvinnulífsins telja það eðlilegt að neysluvatn, eða fremur neysluvatnsból, verði skilgreind sem auðlind í lögum. Komið hefur fram nauðsyn þess að vista þau málefni sem snúa að neysluvatni á einum stað í stjórnsýslunni. Til að ná því markmiði telja Samtök atvinnulífsins eðlilegt að fela Orkustofnun á vegum Iðnaðarráðuneytisins alla nýtingu og vinnslu auðlindarinnar og einnig að halda utan um alla skráningu þar að lútandi, en gæðaeftirlit verði á hendi heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna og Hollustuverndar ríkisins eftir sem áður.

Þeir sem til þekkja telja útflutning neysluvatns ekki arðvænlegan um þessar mundir. Samtök atvinnulífsins leggja á það áherslu að fylgst verði með markaðsþróun þessara mála enda geta skapast ný tækifæri til framleiðslu neysluvatns til útflutnings þegar markaðsaðstæður leyfa. Vegna lítillar hörku er íslenskt vatn talið séstaklega vel fallið til blöndunar ýmissa bragðefna. Því er ekki úr vegi að huga að þeim markaði sérstaklega, þegar möguleikar á útflutningi eru skoðaðir.

Virðingarfyllst,  
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Óskar Maríusson